

Ég mótmæli öllum áformum um Veggjöld einsog þau hafa verið útlögð af meirihlutanum enda munu þau virka einsog Landsbyggðarskattur frekar en sanngjörn notkunargjöld á vegakerfinu.

Innheimta veggjalda með tollhliðum á stofnleiðum inn og út af höfuðborgarsvæðinu mun valda óheyrilegum töfum á umferðarflæði sem nú þegar eru talsverðar á álagstímum, ég hef enga trú á að skipulag vegakerfisins á höfuðborgarsvæðinu muni þola slíkar hindranir án þess að umferðarflæðið út af svæðinu hafi lamandi áhrif á umferðarflæði á milli staða innan svæðisins.

Einnig þá er innheimta á veggjöldum til að fá að fara í gegnum öll jarðgöng á landinu varhugaverð. Sum jarðgöng eru hreinlega nauðsynleg fyrir ýmis bæjarfélög á Landsbyggðinni, einsog t.d. Bolungarvíkurgöngin, og myndi innheimta á gjöldum í þau ekki hjálpa til við að stemma stigu við fólksfækkun á Landsbyggðinni.

Stuðningur fyrir veggjöldum er hverfandi á meðal almennings, máli mínu til stuðnings þá vísa ég í óformlega skoðanakönnun á Facebook sem var stofnuð af Þórólfi Júlían Dagssyni. Könnunin var opin í rúmlega 2 vikur og á þeim tíma höfðu yfir 30 þúsund manns tekið þátt í henni og var yfirgnæfandi meirihluti mótfallinn áformum um veggjöld eða um 83% þáttakenda :

<https://www.facebook.com/kelazam/posts/10157422618248968>

Undirritað,

Jóhannes H. Laxdal

6. Janúar 2019